

# **Aðalfundur Listvinafélagsins í Hveragerði**, haldinn þriðjudaginn 22. mars, kl. 18:15. 8 manns mættu á fundinn.

1 **Formaður Guðrún Tryggvadóttir setur fund** og biður Hlíf Sigríði Arndal að vera fundarsjóra og Sæunni Freydísi Grímsdóttur að vera fundarritara. Samþykkt samhljóða.

2 **Skýrsla stjórnar** flutt af Guðrúnu Tryggvadóttur.

Kæru félagar. Velkomnir á aðalfundinn okkar.

Helstu verkefni sl. árs voru eftirfarandi:

Í byrjun apríl lauk ég við hönnun nýrrar sýningar okkar fyrir Lystigarðinn og við héldum einskona íbúakynningu á henni helgina sem aðalfundurinn var haldinn þ. 19. apríl 2015.

Ég hannaði kort sem prentað var hjá Prentmeti á Selfossi og var sent á öll heimili í Hveragerði og Ölfusi þar sem íbúum var formlega boðið að koma og sitja aðalfundinn 2015

og skoða hugmyndirnar og útfærslur á áformaðri sýningu okkar í Lystigarðinum.

Á Degi myndlistar, laugardaginn 31. október, sem einnig féll á Safnahelgi á Suðurlandi, stóðum við fyrir opnum húsum, eða vinnustofum og var þátttakan góð.

Ég tók ekki sjálf þátt í ár eins og í fyrra en sótti allar vinnustofurnar heim sem var sérstaklega áhugavert.

Heimsóknin til Normu kom mér skemmtilega á óvart og ljóst að við þurfum að gefa miklu betur gaum að þeim listamönnum sem ekki eru alltaf teknir inn í myndina og falla ekki í hóp hinna svokölluðu „alvöru“ listamanna.

Ég sótti um nokkra styrki fyrir hönd félagsins en því miður fékkst ekki allt það sem við sóttum um. Í fyrri úthlutun Uppbaggingsjóðs fengum við þó 400 þús. úthlutaðar.

Það var því mikilvægt að reyna að fá liðsinni bæjaryfirvalda til að öll vinna síðustu ára væri ekki unnin fyrir gýg.

Á Safnahelgi bauðst okkur aftur að sýna sýninguna í Listasafni Árnesinga. Nú bæði þá gömlu og þá nýju. Hékk hún síðan uppi í um 3 mánuði og fékk þannig mjög góða kynningu.

Sérstaklega gott var að geta boðið bæjarstjórninni til fundar þar sem að ég kynnti fjárhagshlið verkefnisins nákvæmlega með það að markmiði að fá stuðning bæjarstjórnar til að láta verkefnið verða að veruleika á afmælisárinu.

Skemmst er frá því að segja að bæjarstjórn varð við tillögum okkar með því skilyrði að því yrði skipt upp í tvo áfanga.

Féllumst við á það. Fyrsta árið, nú í sumar 2016 mun fyrsti hlutinn, 9 sýningarveggir með hinum sex eldri skáldum auk þriggja nýrra listamanna rísa og á næsta ári mun galleríhlutinn verða að veruleika.

Áfram er haldið að fínvinna sýninguna fyrir framleiðslu og er sú vinna nú í fullum gangi. Illugi Jökulsson hefur endurskrifað alla textana sem við erum mjög ánægð með.

Þó að ég hafi verið endurkosin til þriggja ára í fyrra hef ég ákveðið að hætta sem formaður félagsins nú enda hef ég allt of mikið á minni könnu við eigin verkefni auk þess sem betra væri að ég sé ekki formaður þegar verkefnið fer í framleiðslu og hliðarverkefnið við appið þarf að verða unnið og þá sennilega af eiginmanni mínum. Það má segja að hagsmunir mínir sem hönnuðar og formanns hafi oft gert mig hugsí jafnvel þó að ég hafi ekki fengið greitt fyrir nema brot af minni vinnu.

Að sinna verkefninu sem hönnuður er miklu meira en nóg og ég þarf hjálp til að komast yfir það sem að fyrir liggur en verð að sjálfsögðu áfram innan handar og óska eftir því að sitja áfram í stjórn.

Ég þakka félögum mínum í stjórninni kærlega fyrir samstarfið sem hefur verið frábært. Guðrún Tryggvadóttir.

### 3 Reikningar Listvinafélagsins.

Svanur Jóhannesson les og skýrir reikningana.

Helstu niðurstöðutölur eru:

#### Rekstrarreikningur árið 2015.

		Gjöld	Tekjur
Félagsgjöld 2015, 53 félagar greiddu	106.000		
Félagsgjöld 2014, 13 félagar, síðbúið	<u>26.000</u>		132.000
Styrkir			
Menningarráð suðurlands	200.000		
Uppbyggingasj.SASS (menningarráð)	400.000		
Hveragerðisbær 2014 og 2015	<u>600.000</u>		1.200.000
Annað	<u>5.000</u>		5.000
Kostnaður v,sýninga, bæklinga /fleira	680.512	680.512	
Annar kostnaður	202.594	202.594	

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	5.251	
Vaxtagjöld	- 1.050	4.201
Samtals tekjur og gjöld		883.106 1.341.201
Tekjuafgangur		458.095
Samtölur		1.341.201 1.341.201

### Efnahagsreikningur 31. des. 2015

Vefur og sýningarmunir		600.000
Innistæða á banka 145245		1.076.013
Eigið fé í lok fyrra árs	1.217.918	
Tekjuafgangur 2015	458.095	
Eigið fé í árslok 2015		1.676.013 1.676.013
Eign til næsta árs		1.676.013 1.676.013

4 **Félagsfjöld.** Tillaga frá Svani Jóhannessyni og Guðrúnu Tryggvadóttur um að félagsgjöld fyrir árið 2016 hækki í kr. 2.500,-. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5 **Starfsáætlun.** Gerð er svohljóðandi tillaga til næstu stjórnar frá Heiðdís Gunnarsdóttur og fleiri fundarmönnum. "Aðalfundur fagnar samstarfi við Hveragerðisbæ, að koma upp í Lystigarðinum útisýningu félagsins á þessu ári og því næsta. Listvinafélagið leggur metnað sinn í að fylgja því eftir sem megin viðfangsefni næstu 2ja ára, er stjórn falið að skipuleggja aðra viðburði eftir fongum". Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6 **Kosning formanns.** Núverandi formaður Guðrún Tryggvadóttir gefur ekki kost á sér áfram en hún hefur veitt félaginu forystu í 4 ár. Fundarstjóri spyr hvort einhver hér sé tilbúinn að taka að sér formennsku í félaginu. Enginn viðstaddra gefur kost á sér. Fundarstjóri segir að kjósa skuli á aðalfundi formann svo halda verði framhalds aðalfund til að kjósa formann. Framhalds aðalfundur verður boðaður laugardaginn 9. apríl í Listasafni Árnesinga kl. 15:00.

7. **Kosning stjórnar og varamanna.** Heiðdís Gunnarsdóttir og Eyþór H. Ólafsson gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í aðal stjórn en Njörður Sigurðsson og Guðrún Tryggvadóttir gefa kost á sér í aðalstjórnina. Samþykkt samhljóða.

Í varastjórn gefur Sölvi Ragnarsson ekki kost á áframhaldandi setu en Sæunn Freydís Grímsdóttir gefur kost á sér. Samþykkt samhljóða.

8 **Kosning skoðunarmanna reikninga.** Jóhanna Hjartardóttir og Kristín Dagbjartsdóttir eru tilnefndar áfram. Samþykkt samhljóða.

9 **Önnur mál.** Heiðdís þakkar fyrir skemmtilega vinnu í stjórn í 4 ár, segir vinnuna skemmtilega, fræðandi og lifandi, þakkar samvinnu og óskar félaginu alls hins besta..

Þórhallur Hróðmarsson spyr um viðburði á vegum félagsins á 70 ára afmæli bæjarins. Svanur upplýsir að bærinn leiti til allra félaga og félagasamtaka um uppástungur og hugmyndir um dagskráratriði fyrir árið en formleg afmælis dagskrá byrjar 12. júní og stendur í 70 daga.

Inga Jónsdóttir upplýsir að Listasafnið muni taka þátt í margvíslegum viðburðum á afmælisári bæjarins eins og japanskri list en íslensk-japanska félagið er 35 ára í ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.

Fundarritari: Sæunn Freydís Grímsd.

Boðað verður til framhalds aðalfundar laugardaginn 9. apríl kl. 15:00 í Listasafninu.